

LÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Víðines
í Beruneshreppi, Suður-Múlasýslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Gunnari Guðmundssyni, Lindarbrekku, eyðijörðina Víðines í Beruneshreppi, Suður-Múlasýslu.

Við sölua skal fylgt ákvæðum 3.—5. mgr. 38. gr. jarðalaga, nr. 65 31. maí 1976, sbr. l. nr. 90 30. maí 1984.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. maí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð,
skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, tímabundið leyft slátrun í sláturhúsum sem ekki eru svo úr garði gerð að löggilding geti farið fram á þeim ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til 1. júní 1987.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. maí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.